

Fimmtudaginn 16. október 1997.

Nr. 7/1997.

Landsbanki Íslands

(Reinhold Kristjánsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

og gagnsök

Þinglýsing. Veðbókarvottorð. Skaðabótakrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1997. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði í samræmi við niðurstöðu héraðsdóms dæmdur til að greiða sér 1.509.726 krónur með þeim vöxtum, sem í dóminum greinir. Þá krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði jafnframt dæmdur til að greiða sér 1.210.270 krónur með sömu vöxtum. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 13. mars 1997. Gagnáfrýjandi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi verulegrar lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Máli þessu verður ráðið til lykta á grundvelli 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 85/1989. Þau mistök urðu hjá embætti sýslumannsins í Keflavík við flutning báts milli umdæma á tímabilinu frá 2. júlí 1990 til 8. mars 1991, að veðskuld Hafalds hf. við Féfang hf. á 1. veðrétti var ekki færð inn á veðbandaspjald bátsins í hinu nýja umdæmi. Skuldin kom því ekki fram á veðbókarvottorði, og aðaláfrýjanda var ekki gerð grein fyrir tilvist hennar í viðskiptum við Hafald hf. árið 1993. Fyrirsvarsmenn félagsins nýttu sér þannig

Þessi mistök. Hefði svo ekki verið gert, hefðu mistökin ekki komið að sök í þeim viðskiptum. Tjón aðaláfrýjanda verður því ekki talið sennileg afleiðing mistakanna í skilningi 49. gr. þinglýsingalaga. Aðaláfrýjandi, sem er opinber lánastofnun, aflaði ekki sjálfur gagna um heimildarskjöl að bátnum eða veðsetningu hans, en á bátnum hvíldi einungis samkvæmt veðbókarvottorðinu 500.000 króna skuld frá árinu 1993. Aðaláfrýjandi sýndi því ekki þá aðgæslu, sem krefjast verður. Þá var viðsemjandi hans ekki grandlaus um tilvist skuldarinnar við Féfang hf. Að öllu þessu athuguðu þykja ekki vera skilyrði til að dæma aðaláfrýjanda bætur úr hendi ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum 49. gr. þinglýsingalaga. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, íslenska ríkið, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Landsbanka Íslands.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

I.

Mál þetta varðar viðskipti, sem fram fóru sumarið 1993 milli útibús aðaláfrýjanda í Sandgerði og hlutafélagsins Hafalds í Garði, sem stofnað var 23. mars 1991 til að stunda útgerð fiskiskipa og fiskverkun. Framkvæmdastjóri félagsins og stjórnarformaður var Árni Jónasson, sem annaðist viðskiptin, en hluthafar ásamt honum voru eiginkona hans og tvö börn þeirra, sem skipuðu stjórn félagsins með föður sínum. Félagið varð eigandi að vélbátnum Ásbergi, GK III, síðar Katrínu, GK 98, sem Árni hafði fest kaup á með samningi 8. sama mánaðar við Guðmund Örn Einarsson í Reykjavík. Var þetta 10 brúttórúmlasta trefjaplatsbátur, smíðaður 1988, og kaupverð hans 8.300.00 krónur, sem greiða átti með yfirtöku áhvílandi skuldar á 1. veðrétti við Féfang hf. í Reykjavík ásamt viðskiptaskuld við þann aðila. Í samningnum voru ákvæði um veiðiheimildir bátsins, þar sem fram kom, að aflahlutdeild væri ekki innifalin án viðbótar-

greiðslu. Afsal að bátnum var gefið út 28. ágúst 1991 og afhent til þinglýsingar hjá sýslumanni í Keflavík fimm dögum síðar. Í því var skilmerkilega greint frá yfirtöku félagsins á skuldinni við Féfang, en innfærsla skjalsins í þinglýsingabók leiddi ekki til leiðréttingar á þeim skráningarmistökum, sem síðar greinir. Gögn málsins leiða ekki í ljós, hvernig bankaviðskiptum félagsins var almennt háttað, meðan það starfaði, en umræddur vélbátur var seldur nauðungarsölu í janúar 1995 og félagið sjálft tekið til gjaldþrotaskipta í júlímánuði sama ár. Hins vegar benda þau til, að félagið hafi átt nokkrum skuldum að gegna við aðaláfrýjanda, áður en viðskiptin komu til, og einnig síðar.

Umrædd viðskipti lutu að veðsetningu á vélbáti félagsins samkvæmt tveimur veðskjölum til tryggingar tilteknum skuldum við útibú aðaláfrýjanda. Annars vegar var nýtt lán, að fjárhæð 1.900.000 krónur, gegn skuldabréfi, er félagið gaf út 6. maí 1993 og átti að fá stöðu á 2. veðrétti. Bréf þetta var samið í útibúinu með hliðsjón af veðbókarvottorði sýslumannsins í Keflavík, sem dagsett virðist 4. sama mánaðar. Að sögn útibússtjóra var þeirri verklagsreglu fylgt að láta lántakanda sjálfan um að leggja bréfið inn til þinglýsingar og koma með það aftur að henni lokinni. Bréfið barst sýslumanni 28. maí 1993 og vottorð hans um innfærslu ritað á það 10. næsta mánaðar.

Hins vegar var flutningur á veði fyrir láni samkvæmt skuldabréfi frá árinu 1990 af öðrum vélbát yfir á 3. veðrétt í Ásbergi, GK III, en eftirstöðvar lánsins námu þá 1.717.000 krónum að nafnvirði. Skjal um veðflutninginn var samið í útibúinu og undirritað af þess hálfu 27. júlí 1993, en næsta dag af hálfu Hafalds hf., og telur útibússtjóri skuldarann hafa séð um afhendingu þess til þinglýsingar. Það barst sýslumanni 29. sama mánaðar og innfærsla vottuð með áritun daginn eftir.

Í báðum veðskjölunum voru ákvæði þess efnis, að báturinn hefði veiðiheimildir, sem ekki mætti framselja nema með skriflegu samþykki aðaláfrýjanda.

Pegar kaupsamningurinn 8. mars 1991 var gerður, hafði vélbáturinn nýlega verið fluttur í umdæmi sýslumannsins í Keflavík. Við flutninginn urðu þau mistök, að skráning á fyrrgreindu skuldabréfi Féfangs hf. féll niður. Voru mistökin ekki leiðrétt fyrir en 5. desem-

ber 1994, þegar nauðungarsala á bátnum var skammt undan. Verður að telja þau orsök þess, að embættið færði handhafaskuldbindingu, að fjárhæð 500.000 krónur, á 1. veðrétt í bátnum 28. apríl 1993 og taldi síðan fyrrgreind veðskjöl geta fengið stöðu næst á eftir þeirri skuldbindingu, svo sem aðaláfrýjanda var lofað. Fyrir liggur, að tvö síðari sanningsveð og þrjú aðfararveð voru einnig skráð á bátinn, áður en leiðréttingin kom til.

Hér fyrir dómi hefur verið lögð fram ákæra ríkissaksóknara 29. apríl 1997 á hendur Árna Jónassyni, þar sem hann er sakaður um fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna framgöngu sinnar fyrir hönd Hafalds hf. í þessum viðskiptum. Jafnframt er hann þar sakaður um skilasvik samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga með því að hafa í október 1994 selt allar aflahemildir vélbátsins, taldar að verðmæti að minnsta kosti 5.800.000 krónur, að fengnu samþykki veðhafa samkvæmt veðbókarvottorði sýslumanns í Keflavík 14. þess mánaðar, en án samþykkis veðhafans, Féfangs hf., sem ógetið var í vottorðinu. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 13. þessa mánaðar hefur hann verið sakfelldur samkvæmt ákærinni.

II.

Mistök þau við þinglýsingarstjórn, sem málið er af risið, verða ekki talin hafa gerst að ósekju, heldur verður að meta það sýslumannsembættinu til gáleysis, að þau urðu og héldust óleiðrétt um árabíl. Getur aðaláfrýjandi þannig krafist bóta úr ríkissjóði á grundvelli 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 og hinnar almennu reglu um skaðabótaábyrgð ríkisins á atferli starfsmanna sinna, ef leitt er í ljós, að hann hafi beðið tjón af mistökunum, enda verði honum ekki sjálfum gefin sök á tjóninu að einhverju eða öllu leyti.

Sýnt er, að framkvæmdastjóri Hafalds hf. hafi orðið var við mistökin ekki síðar en í apríl 1993 og síðan hagnýtt þau til sanningsgerðar við útibú gagnáfrýjanda í maí og júlí sama ár um veð í vélbáti félagsins. Framganga hans girðir þó ekki fyrir bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart aðaláfrýjanda, enda verður bankastofnunin ekki talin hafa samþykkt fyrrgreinda lánveitingu og veðflutning á grundvelli staðhæfinga framkvæmdastjórans, heldur í trausti á þær upplýsingar, sem henni voru bornar með veðbókarvottorði sýslumanns

frá 4. maí og þinglýsingarvottorðum hans á veðskjölunum sjálfum. Hafi athugasemdalaus þinglýsing verið skilyrði þess í hvort sinn, að hin umbeðna ráðstöfun gengi fram. Í þessu tilliti þykir það ekki skipta máli, að stofnunin fól gagnaðila sínum að annast um þinglýsingu skjalanna, þar sem engar líkur verða á því taldar, eins og aðstæðum var háttað, að sá erindrekstur hans hafi nokkru ráðið um þá afgreiðslu, sem erindunum var veitt.

Bótaréttur aðaláfrýjanda er hins vegar háður því, að hann hafi annars verið grandlaus um mistökin í skilningi a-liðar 49. gr. þinglýsingalaga, en það ákvæði felur í sér skírskotun til almennrar reglu 19. gr. laganna. Ætla verður, að bankastofnunin hafi þekkt allvel til hlutafélagsins og aðstandenda þess. Eigi að síður virðist henni ekki hafa orðið kunnugt um hin mikilvægu veðréttindi Féfangs hf., fyrr en tilkynnt var um leiðréttingu mistakanna. Fyrir liggur, að stofnunin óskaði ekki eftir frekari gögnum um félagið eða vélbátinn en þeim, sem framkvæmdastjórinn lagði fyrir hana, áður en vilyrði var gefið fyrir hinum umbeðnu ráðstöfunum. Meðal annars bað hún ekki um framlagningu á fyrrgreindum kaupsamningi, þar sem réttinda Féfangs var getið. Ráðstafanirnar voru þó ekki tengdar þeim kaupum, heldur hafði félagið nú gert út bátinn um tveggja ára skeið. Áhætta vegna hinna boðnu veðtrygginga var og ekki slík, að kanna þyrfti kaupsamninginn vegna þess, sem af honum mætti ráða um markaðsverð á bátnum. Hin takmarkaða aðgæsla af hálfu stofnunarinnar leiðir þannig ekki til þess, þegar á allt er litið, að hún verði ekki talin grandlaus í fyrrgreindum skilningi.

Um veðflutninginn er á það bent af hálfu gagnáfrýjanda, að bankastofnunin hafi þá ekki aflað nýs veðbókarvottorðs. Miðað við efni síðari vottorða frá þinglýsingarstjóra verður að ætla, að sú gagnaöflun hefði engu breytt um vitneskju stofnunarinnar. Þegar flutningsskjalið var samið, voru rúmar sex vikur liðnar, frá því að fyrra veðskjalið kom úr þinglýsingu. Ráðstöfunin varðaði ekki nýja lánsúmsókn, og virðist stofnunin hafa talið nægilegt að byggja samþykki við veðflutningnum á því, sem þinglýsing á skjalinu sjálfu myndi leiða í ljós um gildi hins umsamda veðréttar. Hafi ráðstöfunin þannig verið gerð í trausti á innfærsluvottorð þinglýsingarstjóra

30. júlí 1993. Á það má fallast, að þessir starfshættir hafi ekki verið svo óvarlegir, að þeir raski grandleysi stofnunarinnar.

Aðaláfrýjandi glataði rétti sínum samkvæmt báðum veðskjöllum við nauðungaruppböð á vélbátnum 11. janúar 1995, án þess að nokkuð kæmi upp í kröfur hans. Hann reyndi ekki að bregðast við með því að kaupa sjálfur veð sitt, sem hann hafði þó burði til. Er það skiljanlegt, þegar þess er gætt, að lýst krafa Féfangs hf. á uppboðinu var nærri jafnhá því verði vélbátsins, sem lagt var til grundvallar við kaup hans á sínum tíma. Tjón aðaláfrýjanda við nauðungarsöluna verður þannig ótvírætt rakið til fyrrgreindra skráningarmistaka, en það nam samtals 2.719.996 krónum. Á það ber að fallast með héraðsdómara, að aðaláfrýjandi þurfi ekki að láta reyna frekar á greiðslugetu þeirra, sem ábyrgð kunni að bera á viðskiptunum, til að bótaskylda stefnda vegna tjónsins teljist virk.

Samkvæmt almennum skaðabótareglum og ákvæðum 1. mgr. 49. gr. þinglýsingalaga er á hinn bóginn skylt að taka afstöðu til þess, hvort aðaláfrýjandi megi sjálfur teljast eiga sök á tjóninu þrátt fyrir grandleysi fyrirsvarsmanna sinna, þegar málið er virt í heild. Er þá á það að líta, að aðaláfrýjandi er öflug lánastofnun, sem hafði ýmsa kosti á að kanna hagi útgerðarfélagsins við frágang viðskiptanna og verja stöðu sína á ferli þeirra skulda, sem honum eru tapaðar. Eru líkur til þess, að hann hafi átt möguleika á að uppgötva hið rétta í síðari skiptum sínum við félagið og afstýra skuldatapinu að einhverju leyti. Í því efni er þess jafnframt að gæta, að aðaláfrýjandi veitti samþykki við sölu á öllum aflaheimildum bátsins, sem fram fór í október 1994, án þess að skýrt sé fram komið, hvaða áhrif þetta hafði á fjárhæð veðskuldanna. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að samþykkið við skerðingu á tryggingum hans hafi verið veitt án gáleysis af hans hálfu, og verður hann að bera halla af því gagnvart stefnda.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja aðaláfrýjanda sjálfan eiga nokkra sök á því tjóni, sem hann krefur bóta fyrir. Er hæfilegt eftir atvikum, að hann beri tjónið að þriðjungi, en gagnáfrýjandi bæti honum það að 2/3 hlutum. Það er því niðurstaða mín, að dæma eigi gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda samtals 1.813.330 krónur

með sömu vöxtum og eftir héraðsdómi ásamt hluta málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. september sl., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 10. ágúst 1995.

Stefnandi er Landsbanki Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík.

Stefndi er ríkissjóður, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 2.719.996 kr., með 0,5% ársvöxtum frá 11. janúar 1995 til 31. maí, með 0,6% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júlí, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er krafa um viðlagningu vaxta við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 11. janúar 1996. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Í báðum tilvikum verði stefnda dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Til þrautavara er þess krafist, að stefnukrafa verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir.

Hinn 2. júlí 1990 veðsetti Guðmundur Örn Einarsson Féfangi hf. með 1. veðrétti þáverandi eign sína, mb. Snærúnu, SH-101, skipaskrárnúmer 1939, til tryggingar skuld, upphaflega að fjárhæð 7.000.000 kr. Á tímabilinu 2. júlí 1990 til 8. mars 1991 var báturinn fluttur milli umdæma og nafni hans breytt í mb. Ásberg, KE-111. Við þennan flutning var veðskuldabréf Féfangs hf. ekki fært inn á veðbandaspjald bátsins í hinu nýja umdæmi. Hinn 5. desember 1994 voru mistökin leiðrétt.

Frá þeim tíma, sem flutningurinn fór fram, þangað til mistökin voru leiðrétt, keypti stefnandi tvö skuldabréf af fyrirtækinu Hafaldi hf., sem tryggð voru með veði í umræddum bát. Í fyrra tilviki var um að ræða bréf, upphaflega að fjárhæð 1.900.000 kr., sem Hafald hf. gaf út 6. maí 1993. Þegar fyrst var leitað til stefnanda um kaup á skuldabréfi þessu, fylgdi beiðninni veð-

bókarvottorð, sem gefið var út samdægurs, en samkvæmt því var einungis áhvílandi skuldabréf til handhafa, upphaflega að fjárhæð 500.000 kr. Auk þess fylgdi virðingar- og skoðunarvottorð frá 14. janúar 1993, en samkvæmt því var báturinn metinn á ca. 14,5 milljónir kr. Í framhaldi þessa var skuldabréfið keypt. Það barst til þinglýsingar 28. maí 1993 og var þinglýst 10. júní 1993. Hvorki í þinglýsingarvottorði skv. 9. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 né á veðbandaspjaldinu, sem sýslumaður gaf út, var getið um réttindi Féfangs hf.

Í seinna tilviki voru að sögn stefnanda aðstæður þær, að stefnandi keypti veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð 2.500.000 kr., sem Árni Jónasson gaf út 16. ágúst 1990. Bréfið var tryggt með 1. veðrétti í mb. Sævari, GK-44, skipaskárnúmer 6884. Síðar var fallist á af stefnanda, að Hafald hf. tæki við skuldinni af Árna Jónassyni. Í júlí 1993 var þess farið á leit við stefnanda, að hann samþykkti flutning veðs samkvæmt skuldabréfinu af mb. Sævari, GK-44, yfir á mb. Ásberg, KE-111. Við afgreiðslu þessa máls var stuðst við sama veðbókarvottorð og virðingar- og skoðunarvottorð og áður. Á grundvelli þessa var að sögn stefnanda veðflutningurinn samþykktur 28. júlí 1993. Samningurinn um veðflutning barst þinglýsingarstjóra 29. júlí 1993, og var honum þinglýst athugasemdalaust degi síðar.

Hinn 11. janúar 1995 var mb. Ásberg, KE-111, seldur nauðungarsölu, en nafni hans hafði þá verið breytt í Katrínu, GK-98. Þegar til úthlutunar uppboðsandvirðis kom 25. janúar 1995, var Féfangi úthlutað 3.821.956 kr., en ekkert greiddist upp í réttlægri veðskuldir. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 19. júlí 1995, var bú Hafalds hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum lauk án þess, að nokkur greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Árni Jónasson, stjórnarformaður Hafalds hf., var úrskurðaður gjaldþrota 12. apríl 1994. Lauk skiptum 12. júlí 1994 án þess, að nokkrar eignir kæmu til skipta.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. október 1995, var óskað opinberrar rannsóknar á háttsemi forsvarsmanna Hafalds hf. Rannsókn er enn ólokið.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur útséð um það, að stefnandi fái frekari greiðslur frá félaginu upp í ofangreindar skuldir þess. Tilvist veðskuldabréfsins í eigu Féfangs hf., sem í engu var getið í veðbókarvottorðum, hafi leitt til þess, að stefnandi beið tjón, sem taldist vera 2.719.996 kr. miðað við nauðungarsölu dag og verð.

Stefnandi telur, að skilyrði a-liðar 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 fyrir

bótaskyldu ríkissjóðs sé fullnægt. Ljóst sé, að stefnandi hefði ekki orðið fyrir því tjóni, sem um ræðir í málinu, hefðu veðbókarvottorð þau, sem lágu viðskiptum hans til grundvallar, verið rétt. Í viðskiptum stefnanda við Hafald hf. hafi starfsmenn stefnanda treyst vottorði þinglýsingarstjórans í Keflavík um áhvílandi skuldir á mb. Ásbergi, KE-111, nú Katrínu, GK-98. Þar að auki hafi þeir treyst athugasemdalausum þinglýsingarvottorði þinglýsingarstjórans skv. 9. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Telja verði, að starfsmenn stefnanda hafi verið algjörlega grandlausir um veðskuld Féfangs hf., enda hafi þeir sýnt af sér alla þá árvekni, sem almennt séð verði að ætlast til, að þeir sýni við sambærilegar aðstæður. Verði að telja, að það sé mjög í anda laga nr. 39/1978 og hlutverks þinglýsinga í þjóðfélaginu að viðurkenna bætur í tilfellum af þessu tagi, enda sé veðbókar- og þinglýsingarvottorðum ætlað að vera einhlít sönnunargögn í fjármunalegum viðskiptum sem þessum. Þar að auki sé orðalag 49. gr. laganna skýrt og afdráttarlaust, að því er þetta varðar.

Enn fremur styðji stefnandi skaðabótakröfu sína á hendur ríkissjóði almennum reglum um bótaábyrgð vinnuveitanda vegna mistaka starfsmanna hans. Fyrir liggir, að þinglýsingarstjóri hafi sýnt af sér gáleysi, þegar honum láðist að færa veðskuld Féfangs hf. á veðbandaspjald bátsins. Það hafi honum borið að gera samkvæmt skýlausum fyrirmælum 2. mgr. 42. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Það og markmið þinglýsingalaga að efla traust og öryggi í viðskiptum í þjóðfélaginu leiði til skýlausrar skyldu ríkissjóðs að bæta stefnanda tjón hans.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að skilyrði bótagreiðslu úr ríkissjóði sé, að áður sé haldið fram kröfum á hendur stjórnarmönnum Hafalds hf. Eðlilegast sé í þessu samhengi, að stefndi meti sjálfur, að hvaða marki hann haldi fram endurkröfum á hendur þriðja manni. Hann geti því t. d. metið, hversu langt skuli ganga í innheimtunni, t. d., hvort árangurslaust fjárnám sé látið duga eða krafist verði gjaldþrots. Það að fela stefnda frekar en stefnanda slíkt mat sé heppilegt og æskilegt til þess að koma í veg fyrir deilur í framhaldinu um, hvort of stutt eða langt hafi verið gengið eða of miklu eða litlu til kostað o. s. frv. Stefnandi eigi ekki að þurfa að kosta miklum peningum til við innheimtu á misöruggum kröfum, annars vegar að því er varðar grundvöll þeirra og hins vegar að því er varðar greiðsluþol þeirra, sem þeim er haldið fram gegn.

Stefnandi hafi ekki staðið í beinu samningssambandi við stjórnarmenn Hafalds hf., heldur við félagið sjálft. Krafa stefnanda á hendur stjórnarmönnum yrði því skaðabótakrafa utan samninga. Ríkissjóði sé greitt fyrir þá þjónustu, sem felst í skráningu þinglýstra réttinda, bæði með þinglýs-

ingargjaldi og að vissu leyti með stimpilgjaldi. Hljóti því að koma fyrir eða að minnsta kosti samhliða til kasta ábyrgðar ríkissjóðs og ábyrgðar annarra aðila utan samningssambandsins.

Enda þótt litið yrði svo á, að ábyrgð ríkissjóðs væri utan samninga, skipti það ekki máli um úrlausn ágreiningsefnisins. Ef fallist yrði á skoðun stefnda, gengi það gegn áratuga-dómaframkvæmd Hæstaréttar þess efnis, að leiði reglur til þess, að fleiri en einn beri ábyrgð á tjóni, beri þeir hinir sömu ábyrgð in solidum. Eðli skaðabótareglu 49. gr. þinglýsingalaga sé að sumu leyti svipað og eðli hlutlægra bótareglna. Krafa á hendur stjórnarmönnum Hafalds hf. myndi um margt byggjast á öðrum sjónarmiðum.

Full ástæða hefði verið fyrir löggjafann að kveða skýrt á um það í 49. gr. þinglýsingalaga, hefði það verið ætlunin, að regla á borð við þá, sem haldið hafi verið á lofti af hálfu stefnda, gilti. Slík regla gengi gegn meginmarkmiði þinglýsingalaga, þ. e. að veita öryggi og traust í viðskiptum. Slík regla gengi þar að auki þvert gegn dómvenju Hæstaréttar.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skilyrði fyrir bótaábyrgð ríkissjóðs samkvæmt ákvæði a-liðar 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 sé m. a., að mistök þinglýsingarstjóra hafi leitt til þess, að bótakrefjandi hafi orðið fyrir fjárhagstjóni. Almenn regla um bótaábyrgð vinnuveitenda vegna mistaka starfsmanna sinna sé m. a. háð sama skilyrði.

Samningsaðilar stefnanda vegna veðskuldabréfsins frá 6. maí 1993 hafi f. h. Hafalds hf. verið stjórnarmenn félagsins, þ. m. t. framkvæmdastjóri og prókúruhafi, sem allir undirriti skuldabréfið ásamt maka stjórnarformanns. Þeim hafi hlotið að vera ljóst, að á þeim degi var skuldin við Féfang hf. ekki greidd, en engu að síður hafi þeir ekki látið skuldarinnar getið á veðskuldabréfinu. Með sama hætti hafi allir stjórnarmenn, þ. m. t. framkvæmdastjóri og prókúruhafi Hafalds hf., ritað undir veðflutning 28. júlí 1993 án þess að láta getið skuldarinnar við Féfang hf. Tvívegis hafi þeir gegn betri vitund haldið veðskuldinni við Féfang hf. leyndri fyrir stefnanda.

Þegar nauðungarsalan fór fram 11. janúar 1995, hafi kröfulýsing Féfangs hf. samkvæmt veðskuldabréfinu frá 2. júlí 1990 numið 7.307.549 kr. Það sé því ljóst, að stjórnendur Hafalds hf. hafi fengið stefnanda til að veita lánið og fallast á veðflutning með sviksamlegum hætti, enda sé því lýst af stefnanda, að af hans hálfu hefði ekki verið fallist á veitingu lánsins eða á veðflutninginn, ef réttar upplýsingar um áhvílandi skuldir á bátnum hefðu legið fyrir. Með atferli sínu hafi stjórnarmenn Hafalds hf. kallað yfir sig persónulega ábyrgð á greiðslu þessara skulda við stefnanda.

Bótaábyrgð ríkissjóðs vegna verka starfsmanna sinna, hvort sem farið sé að almennum reglum eða sérreglum þinglýsingalaga, sé háð því, að hin ætluðu mistök hafi valdið fjárhagstjóni. Tjónþoli verði fyrst að sýna fram á, að hann geti ekki fengið kröfu sína greidda af viðsemjanda sínum, hinum raunverulega tjónvaldi, eða þeim aðilum, sem blekktu hann til viðskipta með því að veita honum vísitandi rangar upplýsingar. Reglur um sólídaríska ábyrgð komi ekki til álita í slíkum tilvikum.

Stefnandi hafi lagt fram gögn þess efnis, að Hafald hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta í kjölfar árangurslauss fjárnáms 20. mars 1995 og Árni Jónsson úrskurðaður gjaldþrota 12. apríl 1994, en skiptum á búi hans lokið 12. júlí þ. á., án þess að nokkrar eignir kæmu til skipta.

Af þessu tilefni hafi ríkislögmaður bent á í bréfi til stefnanda 1. ágúst 1995, að aðrir stjórnarmenn Hafalds hf. séu skráðir fyrir tilteknum eignum. Jafnframt hafi verið ítrekað, að fullreynt yrði, hvort stefnandi gæti leitað fullnustu vegna vanefnda hjá þessum aðilum, áður en fullnaðarafastaða yrði tekin til bótaábyrgðar ríkissjóðs.

Verði stefnandi fyrir fjárhagstjóni vegna viðskipta sinna við þessa viðsemjendur sína, stjórnarmenn Hafalds hf., stafi það umfram allt af blekkingum, sem þeir hafi beitt stefnanda í þessum viðskiptum. Það, að þeir beittu röngu veðbókarvottorði, breyti í sjálfu sér engu en eðli eða innihald þeirra blekkinga gagnvart stefnanda, sem þeir séu uppvisir að. Með atferli sínu hafi stjórnendur Hafalds hf. bakað sér persónulega ábyrgð gagnvart stefnanda til greiðslu á margnefndum skuldabréfum.

Þar sem stefnandi hafi þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar kosið að láta ekki reyna á greiðslugetu viðsemjenda sinna, sem blekktu hann til viðskiptanna, og því ekki sýnt fram á, hvort hann hafi orðið fyrir fjárhagstjóni eða hvaða fjárhæð tjónið kunni að nema, er krafist sýknu. Krafa um sýknu að svo stöddu er á því reist, að afstaða til bótaábyrgðar ríkissjóðs verði ekki tekin, fyrr en stefnandi hafi sýnt fram á með fullnægjandi hætti, að hann geti ekki fengið fullnustu kröfu sinnar úr hendi viðsemjenda sinna.

Krafa um lækun stefnukröfunnar er studd því, að við veðflutninginn 28. júlí 1993 hafi stefnandi látið sér nægja að styðjast við tæplega þriggja mánaða gamalt veðbókarvottorð. Stefnandi hafi ekki viðhaft þá varkárni og aðgæslu, sem gera verði kröfu um til aðila, sem stundi lánastarfsemi, og því geti stefnandi ekki krafíð ríkissjóð um bætur vegna fjárhagstjóns, sem hann kunni að verða fyrir vegna veðflutningsins 28. júlí 1993. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að ábyrgð stefnda vegna útgáfu veðbókarvottorðsins 4. maí 1993 sé orðin virk, taki það aðeins til lánveitingar stefnanda 6. maí, en ekki til þeirrar ákvörðunar hans að heimila veðflutning 85 dögum eftir

útgáfu vottorðsins, og því beri að lækka stefnukröfuna sem nemi eftirstöðvum og vanskilum af skuldabréfinu frá 16. ágúst 1990 um 1.384.657 kr.

Niðurstaða.

Stefnandi krefst skaðabóta úr ríkissjóði vegna mistaka við þinglýsingu á grundvelli a-liðar 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Samkvæmt því ákvæði á sá maður rétt á bótum úr ríkissjóði, sem grandlaus hefur treyst þinglýsingarvottorði eða veðbókarvottorði, enda hafi hann hlotið tjón, sem telja verði sennilega afleiðingu mistaka við þinglýsingu og hann eigi ekki sjálfur sök á.

Af fram lögðum gögnum stefnanda um athuganir hans við kaup á skuldabréfinu frá 6. maí 1993 sést, að þær upplýsingar, sem hann aflaði af þessu tilefni, voru annars vegar virðingar- og skoðunarvottorð bátsins og hins vegar veðbókarvottorð, sem aðilar eru sammála um, að sé dagsett 6. maí 1993. En fram lagt ljósrit er með mjög óljósri dagsetningu. Samkvæmt veðbókarvottorði þessu var einungis áhvilandi skuldabréf til handhafa, upphaflega að fjárhæð 500.000 kr. Vottorði þessu mátti stefnandi treysta, en eins og rakið hefur verið, hvíldi á bátnum fyrir utan þessar 500.000 kr. skuld við Féfang hf., upphaflega að fjárhæð 7.000.000 kr. Við nauðungarsölu á bátinum 11. janúar 1995 var hann seldur á 5.200.000 kr., og fékk Féfang hf. útlutað 3.821.956 kr.

Telja verður, að framangreindur upplýsingaskortur á veðbókarvottorðinu frá 6. maí 1993 hafi valdið stefnanda tjóni, en ekki hefur verið sýnt fram á, að við stefnanda sé að sakast vegna þessa tjóns. Samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 ber stefndi bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni þessu.

Ekki verður á þá skoðun stefnda fallist, að til þess að bótaskylda stefnda verði virk, þurfi stefnandi að reyna frekar á greiðslugetu viðsemjanda síns, hvað sem um grandsemi og/eða eignir stjórnarmanna Hafalds hf. kann að vera. En fram er komið, að skiptum lauk í þrotabúi viðsemjanda stefnanda, Hafalds hf., án þess að nokkur greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Jafnframt er skiptum lokið í þrotabúi Árna Jónassonar, stjórnarformanns Hafalds hf., og lauk þeim skiptum án þess, að nokkrar eignir kæmu til skipta.

Þá er stefnandi samþykkti 28. júlí 1993 flutning veðs samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 16. ágúst 1990, upphaflega að fjárhæð 2.500.000 kr., af mb. Sævari, GK-44, yfir á mb. Ásberg, KE-111, var miðað við fyrrnefnd gögn og ekki aflað nýs veðbókarvottorðs, heldur látið nægja veðbókarvottorð, sem þá var tæplega þriggja mánaða gamalt. Það, að starfsmenn stefnanda öfluðu ekki nýs veðbókarvottorðs, heldur létu nægja tæplega þriggja mánaða gamalt vottorð, þykir verða að túlka þannig, að upplýsingar á veðbókar-

vottorði hafi ekki verið grundvöllur samþykkis á veðflutningnum. Brestur því skilyrði til þess, að áfrýjandi geti átt rétt til fébóta úr hendi stefnda samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 vegna tjóns, sem hann varð fyrir við veðflutninginn 28. júlí 1993.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 1.509.726 kr. með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 250.000 kr. án tillits til virðisaukaskatts.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, 1.509.726 kr. með 0,5% ársvöxtum frá 11. janúar 1995 til 31. maí 1995, með 0,6% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júlí 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 250.000 kr. í málskostnað.

Heimilt er að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 12. júlí 1996.
